

Kópavogi 20.04.2010

Ágæti félagsmaður

Þú færð þetta bréf þar sem þú ert skráður eigandi að lóð á Hvammssvæðinu í Skorradal, en samkvæmt lögum félagsins teljast þeir félagsmenn, sem eiga sumarhús eða óbyggt sumarhúsaland í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Mæting á aðalfundi hefur jafnan verið í lakara mæli og stjórninni er kunnugt um að margir félagsmenn hafa ekki fengið upplýsingar um mikilvæg mál sem hafa verið rædd á aðalfundum og stjórnarfundum.

Til að bæta upplýsingastreymi til félagsmanna hefur félagið sett upp heimasíðu, þar sem birtar eru fréttir af starfsemi félagsins. Þar eru einnig birtar allar fundargerðir, bæði stjórnar og aðalfunda.

Sett hefur verið upp veðurstöð og vefmyndavél á Hvammssvæðinu sem sendir upplýsingar um veðurfar á heimasíðu félagsins. Slóð heimasíðunnar er: www.hvammshlid.is. Einnig munum við halda áfram að birta fréttir um mikilvæg mál á heimsíðunni, þannig að við hvetjum félagsmenn til að fylgjast með heimasíðunni.

Til þess að getur betur komið upplýsingum um mikilvæg mál til félagsmanna óskum við eftir upplýsingum um tölvupóstföng félagsmanna. Senda má upplýsingar um tölvupóstföng til ritara félagsins á tölvupóstfangið: bsig@hudlaeknastodin.is.

Samkvæmt "lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús" (lög nr. 75 11. júní 2008) er skylduaðild að sumarhúsafélögum og heimild að krefja félagsmenn um greiðslur. Þessu hefur ekki verið fylgt eftir ennþá, þannig að ekkert hefur verið aðhafst ef lóðaeigendur kjósa að greiða ekki árgjaldið. Þetta er ekki sanngjarnt þar sem árgjaldi er m.a. varið til að byggja upp sameiginlega aðstöðu fyrir félagsmenn.

Stjórnin hefur samþykkt einróma að fylgja fastar eftir innheimtu félagsgjalda sem eru í vanskilum frá og með árumótum 2009-2010.

f.h. stjórnar Félags sumarhúsaeygenda í Hvammi



Bárður Sigurgeirsson ritari